

MINNISBLAÐ**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Leyfi til daggæslu barna í Reykjavík árið 2019

Með vísan til 2. gr. viðauka 2.5, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er upplýst um veitt leyfi til dagforeldra í Reykjavík.

Skv. framangreindum viðauka er sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs heimilt að veita leyfi til dagforeldra. Skv. samningi menntasviðs og þjónustu- og rekstrarsviðs frá árinu 2006 fjalla þjónustumiðstöðvar um umsóknir um leyfi til daggæslu og leggja til við skóla- og frístundasvið hverjum skuli veitt leyfi til daggæslu barna í heimahúsum.

Hinn 1. desember 2019 voru dagforeldrar í Reykjavík 125 talsins og greidd var niðurgreiðsla vegna 499 reykvískra barna.

**Fjöldi barna með niðurgreiðslur hjá dagforeldrum
2019**

Mánuður	Fjöldi barna
Janúar	463
Febrúar	524
Mars	542
Apríl	530
Maí	541
Júní	525
Júlí	96
Ágúst	531
September	454
Október	428
Nóvember	465
Desember	499

Fjöldi barna að meðaltali á mánuði (11 mán.) **509**

Fjöldi starfandi dagforeldra eftir hverfum:

- Árbær og Grafarholt 23
- Breiðholt 29 (27 starfandi)
- Grafarvogur (Miðgarður) 23 (22 starfandi)
- Laugardalur /Háaleiti 33
- Vesturbær/Miðborg /Hlíðar 20

Þann 1. desember 2019 var lítið um laus pláss hjá dagforeldrum, aðallega í Grafarvogi og Breiðholti. Árvisst er að eftirspurn eftir dagforeldrum eykst þegar nálgast áramót.

Frá 1. janúar til 1. desember 2019 fengu 8 dagforeldrar nýtt leyfi til daggæslu frá skóla- og frístundasviði og 8 bráðabirgðaleyfi gefin út. Þann 1. desember 2019 voru 5 dagforeldrar starfandi á bráðabirgðaleyfi.

Ár	Dagforeldrar	Fjöldi barna	Fædd börn
2013	212	706	1726
2014	198	706	1560
2015	188	723	1499
2016	145	618	1427
2017	135	551	1528
2018	124	497	1558
2019	125	489	1661

Réttindanámskeið, 70 stunda, fyrir dagforeldra hafa verið haldin á vegum Námsflokka Hafnafjarðar undanfarin ár. Velferðaráðuneytið gerði samning við NH í kjölfar endurskoðunar á reglugerð árið 2005. Vegna kostnaðar eru námskeiðin eingöngu haldin ef næg þátttaka fæst. Samkvæmt reglugerð geta sveitarfélög haldið námskeið á eigin vegum að uppfylltum kröfum reglugerðar.

Réttindanámskeið var haldið í mars 2019. Fjórir einstaklingar frá Reykjavíkurborg luku námskeiðinu og voru þeir allir við störf 1. desember 2019. Reykjavíkurborg greiddi til helminga grunnnámskeið dagforeldra samkvæmt tillögu starfshóps um, *Endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar* (útg. 2018). Aðrar tillögur starfshóps sem fóru í framkvæmd árið 2019: Reykjavíkurborg greiddi endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem viðurkenndir fagaðilar halda. Hvert dagforeldri fær niðurgreiðslur á 4 ára fresti vegna slysavarnar- og eldvarnarnámskeiða (fyrst 4 árum eftir réttindanámskeið dagforeldra) þar til ný reglugerð liggur fyrir og þá samkvæmt ákvæði reglugerðarinnar. Jafnframt hófst undirbúningur við greiðslu stofnstyrks til dagforeldra og útboðs vegna öryggishapps fyrir dagforeldra sem starfa einir.